

Borgarstjórn Reykjavíkur
16. júní 2015

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðhald gatna – stefnumótun:

Mikilvægt að viðhald gatna sæti ekki afgangi enda hefur það sýnt sig að frestun viðhalds leiðir til aukinnar slysátíðni og meiri útgjaldaþunga síðar meir fyrir borgarsjóð. Við það bætist að margir vegfarendur hafa orðið að taka á sig kostnað vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir vegna aksturs á illa förnum malbikuðum götum. Raunhæf viðmið og markmiðasetningu skortir en tilgangurinn með slíku ætti að vera að tryggja fullnægjandi og jafnt ástand gatna. Lagt er til að mótuð verði viðhaldsstefna vegna gatnaframkvæmda. Borgarráði verði falið að stýra vinnunni og skipi verkefnahóp í þeim tilgangi að semja drög að stefnu um viðhald gatna. Stefnan verði síðan lögð fyrir borgarstjórn til umræðu og afgreiðslu.